

Leiðbeinandi reglur fyrir stæðaúthlutun.

Uppfært 4. apríl 2011

Leiðbeiningar þessar eru grundaðar á reglugerð EU nr. 95/93, 18. janúar 1993 um sameiginlegar reglur um úthlutun á afgreiðslutíma á bandalagsflugvöllum.

Eftirfarandi vinnureglur eru fyrst og fremst leiðbeinandi. Miðað við umfang og eðli starfseminnar er erfitt að vera með tæmandi reglur og ber því að skoða þessar vinnureglur í því ljósi. Ef flugvallarvörður er í vafa um ákveðna afgreiðslu, skal hann hafa samband við Trausta Tómasson varðandi leiðsögn.

Áður en flugvélum er stillt upp á hlið, skal lesa yfir daginn í dag og daginn á morgun til þess að bera saman skrásetningarstafi flugvéla. Þegar flugvallarverðir skipta um stöðu, fara frá Axis vinnustöð í annað eftirlit skal sá sem er að taka við Axis vinnustöðinni fá upplýsingar frá þeim sem hann er að taka við af.

Á virkum dögum frá 08:00 – 16:00 sér Trausti Tómasson um stæðaúthlutun. Varðstjóri flugöryggisviðs skal tilnefna ábyrgðarmann fyrir stæðaúthlutun á þeim tímum sem Trausti er ekki á staðnum.

Dagvakt:

Sér um að úthluta flugvélum stæði á tímabilinu kl. 0800 – 2000

Næturvakt:

Sér um að úthluta flugvélum stæði á tímabilinu kl. 2000 – 0800

Tegundir fluga:

Áætlunarflug með farþega (birtast á textavarp)	J	(Schedule)
Leiguflug með farþega (birtast á textavarp)	C	(Charter)
Fragtflug	F	(Cargo)
Minni einkavélar	D	(General Aviation)
Herflug (NATO Landa)	W	(Military)
Herflug (Landa sem ekki eru í NATO)	Z	(Military - paying landing fee)
Diversions	DIV	(Diversion)
Ferju flug.	X	(Ferry flight)

Stæðaúthlutun við FLE.

Vegna kröfu um loftgæði í FLE skal draga skal úr notkun stæða 1 og 2 eins og kostur er vegna blásturs frá flugvélamóturum. Ef stæði 3 og 4 eru laus skal úthluta þeim á undan stæðum 1 og 2. Þetta viðmið skal hafa til hliðsjónar við stæðaúthlutun bæði fyrir áætlunarflug og almennt flug (General Aviation).

Forgangsröð

Stæðaúthlutun við FLE er fyrir flugvélar sem geta lagt eðlilega í stæði. Undanþegnar þessari vinnureglu eru flugvélar með ICAO Code A og B, eða flugvélar með vænghaf upp að 24 metrum. Ef flugrekandi / afgreiðsluaðili óskar eftir því að flugvél af ICAO Code C eða D sé lagt afbrigðilega eða þvert á flugvélastæði skal fá samþykki fyrir því áður en flugvélin lendir. Ef það er ekki hægt getum við boðið þeim aðila flugvélastæði á austurflughlaði.

Farþegaflug skal hafa forgang á herflug / fragtflug og almennt flug við FLE.

Þegar ekki er unnt að verða við öllum óskum hlutaðeigandi flugfélaga skal atvinnuflug, einkum þó áætlunarflug og fyrirfram ákveðið óreglubundið flug, hafa forgang.

Stæði 1-4 eru eingöngu til nota fyrir flug sem eru að koma frá Schengen svæði og fara þangað aftur, nema annað sé ákveðið í samráði við Lögreglustjóran á Suðurnesjum, eða þann sem hann tilnefnir til þess að taka þá ákvörðun.

Flugvélastæðin við Suðurbyggingu, og stæði 5 og 6 við Norðurbyggingu eru tvívirk, þ.e. hægt er að nota þau bæði fyrir flug sem eru að koma frá landi innan Schengen svæðisins, og landi utan Schengen.

Almennt flug (General Aviation)

Þessum viðskiptavinum flugvallarins skal úthlutað stæðum á Austurflughlaði áður vitað er um endanlegan komutíma. Þegar staðfestur tími er kominn í Axis skal flugvél úthlutað stæði við FLE séu þau laus. Gæta skal þess að þetta flug taki ekki upp stæði frá hefðbundnu áætlanaflogi.

Fragtflugvélar.

Úthluta skal fragtflugvélum **Icelandair og Bláfugls** stæðum á fragtflughlaði númer 20 og númer 18 sem fyrsta kosti. Síðan má úthluta stæðum 14 15, og 10.

Ef fragtvélar koma að morgni og fara ekki aftur fyrr en að kvöldi, skal heimila þeim að vera á stæðum 14 og 15, ef það truflar ekki aðra flugumferð. Þetta á þó eingöngu við um þau flugfélög sem hafa staðsetta flugvirkja í Keflavík allan sólarhringinn.

Rekstraraðilum s.s. IGS, Vallarvinum og Suðurflugi skal hinsvegar bent á að ef nauðsynlegt er að nota þessi stæði beri þeim að færa vélarnar.

Innanlandsflug.

Í þeim tilfellum sem flugvélar í innanlandsflugi þurfa að lenda hér, annaðhvort vegna veðurs eða til þess að ná í farþega eða koma með farþega, skal stæðum úthlutað í samráði við afgreiðsluaðila og löggæslu.

Hervélar skulu almennt afgreiddar á austursvæði.

Langtímastæði.

Flugvélastæðin við FLE eru ekki langtímastæði. Eingöngu skal heimila að vera langtímum við FLE ef viðkomandi flugfélag hefur til taks mannafla í Keflavík allan sólarhringinn, þannig að hægt sé að færa flugvélar tafarlaust sé þess óskað.

Fyrst skal úthluta stæðunum 112 og 113 til flugvéla af stærðargráðu A og B (minni þotur). Stærri vélum eins og B737 og B757 skal úthlutað stæðum 107 - 111. Stæðin við flugskýli 831 er ágætt að nota fyrir hervélar af tegundinni C-160, B200, BE20.

Ábyrgð afgreiðsluaðila.

IGS, Vallarvinum og Suðurflugi ber í öllum tilfellum að taka á móti flugvél sem þeir eru að afgreiða um leið og vélin kemur á stæði. Einnig ber afgreiðsluaðila að sjá til þess að öll flug séu sett inn í AXIS og tímar uppfærðir um leið og þeir berast til þess að þjónustuaðilar geti séð hvaðan vélin er að koma og hvenær og tekið ákvarðanir um afgreiðslu samkvæmt því. Þegar flugvélaskipti verða (vélum víxlað) skal strax hafa samband við Stæðaúthlutun til þess að breyta viðeigandi brottfararhlíðum.

Stæðaúthlutun til ákveðinna flugvélategunda.

Stæði 4,7 og 12 eru E- stæði samkvæmt skilgreiningu ICAO. Þær flugvélategundir sem ætlað er að nota þessi stæði eru breiðþotur eins og B747 og DC10.

Að öðru leyti eru hliðin ætluð flest öllum tegundum farþega- og fragtflugvéla.

Airbus 380 skal lagd á stæði 122.

Afgreiðsla flugvéla á Austurflughlaði.

Stæði sem eru í notkun á austurflughlaði eru: 101 – 111 fyrir framan gömlu flugstöðina og stæði 114 – 121 við flugskýli 885.

Stæðaúthlutun til ákveðinna flugvélategunda á þessi svæði skal framkvæma þannig.

Antonov 124 skal úthluta stæði 120, 122, 125, 126 eða 127.

Transall C-160 hervélar geta verið á flugvélastæðum við Flugskýli 885 og flugskýli 831. Ekki er æskilegt að leggja þessari flugvélategund fyrir framan gömlu flugstöðina vegna þess að flughlaðið þar er malbikað en steypt stæði eru í kring um flugskýli 831. Þegar APU er í gangi á C-160 getur það skemmt malbikið.

Stæðaúthlutun fyrir þyrlur.

Eitt landingarsvæði fyrir þyrlur á Keflavíkurflugvelli samnær AIP Iceland kort AD 2. 24.1.2 - 1 fyrir BIKF. Þyrlum skal úthlutað stæðum 115 – 118 sem fyrsta kost.

Stæðaúthlutun til Bretlands og annarra landa utan Schengen svæðisins á morgnana.

Á morgnana mega farþegar til Bretlands eða annarra landa utan Schengen svæðisins ekki blandast farþegum sem eru að koma frá USA eða Kanada. Því þarf að úthluta morgunnflugum t.d. Icelandair og Iceland Express til LHR (FI450), GLA (FI430), og London Stansted stæðum 7, 8, 9, eða 10. Stæði 10 skal úthluta síðast til þessara áfangastaða.

Ef flugumferð er þannig háttáð að nota þurfi stæði 11 eða 12 fyrir flug til Bretlands eða annarra landa utan Schengen svæðisins skal gera það í samráði við Landamæraeftirlit helst með dags fyrirvara.

Diversions.

Ef flugvélar frá flugfélögum sem ekki eru í áætlunarflugi til og frá Keflavík lenda hérna vegna bilana eða með veikan farþega skal þessum flugvélum lagt á austur flughlaði á stæðunum 127, 126 eða 127. Ef stæði 7 eða 12 eru laus í um það bil 3 tíma frá landingu skal þeim stæðum úthlutað.

Almennt.

Að því er lýtur að almennu flugöryggi, bæði flugvernd og öðrum öryggismálum skal tekið fram að á stæðum við FLE eru merktar akstursleiðir sem hannaðar eru með ákveðnar stærðir loftfara í huga. Eiga stjórnendur loftfaranna að geta ekið örugglega eftir þessum línnum án þess að eiga það á hættu að öryggisvæði (Safety Margins sbr. reglugerð um flugvelli nr. 464/2007 og ICAO **Annex 14**) milli annarra loftfara, ljósastaura, bygginga o.fl. sé of lítið eða hætta sé á árekstri.

Gjört á Keflavíkurflugvelli 4. Apríl 2011.

Trausti Tómasson
Samræmingarstjóri
Airport Coordinator

Keflavík Airport (KEF/BIKF)
Sími: 425 6060
GSM:664 0391